

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Norðan Miðbrautar er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega, en sunnan Miðbrautar gefst íbúum kostur á að kaupa jarðgerðartunnu með aðstoð sveitarfélagsins.

Þá er lagt á sérstakt gjald á búfjáreigendur til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og miðast gjaldið við að standa undir hluta af áætluðum kostnaði við förgunina fyrir hverja búfjártegund.

3. gr.

Á hverja íbúð greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta, staðsetningu og úrgangstegund:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
Sunnan Miðbrautar	18.244 kr.	24.663 kr.	40.093 kr.	53.265 kr.
Norðan Miðbrautar	21.956 kr.	24.663 kr.	40.093 kr.	53.265 kr.
 	 <i>240 l</i>	 <i>360 l</i>	 <i>660 l</i>	 <i>1.000 l</i>
<i>Endurvinnslutunna:</i>	11.256 kr.	14.413 kr.	21.732 kr.	25.787 kr.
 	 <i>140 l</i>	 <i>360 l</i>		
<i>Lífrænn úrgangur:</i>	24.214 kr.	29.275 kr.		
<i>Jarðgerðartunna:</i>	15.408 kr.			

4. gr.

Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald kr. 9.009 enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði á vegum sveitarfélagsins.

Eigendur frístundahúsa geta samið um að sorp verði tekið hjá þeim á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst, enda séu sorpílát þá höfð aðgengileg fyrir verktaka sem sjá um sorphirðuna. Sorphirðan fylgir þá sömu reglum og sorphirða sunnan Miðbrautar og skal greiða fyrir þjónustuna 50% af sorphirðugjaldi íbúða sunnan Miðbrautar í stað sorpeyðingargjaldsins.

5. gr.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjártítlitsskýrslu og er eftirfarandi:

<i>Nautgripir</i>	<i>Sauðfé og geitfé</i>	<i>Hross</i>	<i>Grísir</i>
396 kr./grip	70 kr./grip	107 kr./grip	268 kr./grip

6. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar og staðfest af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 5. desember 2014, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000 með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu.

Eyjafjarðarsveit, 3. febrúar 2015.

Karl Frímannsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2015